Nr. 1173 4. október 2021

# AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.**

*Frostaþing 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Frostaþing 1. Í breytingunni felst að gerður er kjallari undir húsinu með geymslu og tómstundarými samtals 138,8 m² og tröppum á milli hæða. Auk þess er komið fyrir aðgengi út í garð um tröppur úr kjallara. Þá er gert ráð fyrir 15 m² smáhýsi á lóðinni fyrir setustofu, sauna og salerni, steinsteypt að hluta. Heildarbyggingarmagn á lóðinni eftir breytingu verður 445 m².

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 4. október 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2021